



Ísafjarðarbær
Bæjarráð
Bryndís Ósk Jónsdóttir bæjarritari

25.01.2022

Erindi til bæjarráðs • Húsnæðismál háskólanemenda • Nemendagarðar

Með tilkomu nýrrar námsleiðar í Byggðafræði hefur námsmannafjöldi við Háskólasetrið tvöfaldast. Nemendafjöldinn hefur lengst af verið um 30-35 manns, en fer nú upp í 70-80, þegar tekið er tillit til allra nemenda sem koma til Háskólaseturs. Þessi mikli fjöldi námsmanna skapar umtalsverða þenslu á húsnæðismarkaði á eyrinni á Ísafirði þar sem nemendur hafa fæstir yfir bíl að ráða og velja því búsetu í göngufjarlægð við Háskólasetur. Nemendur eru því í samkeppni um húsnæði við aðra íbúa Ísafjarðarbæjar.

Til að ná að viðhalda þessum fjölda nemenda verður að vera til húsnæði fyrir nemendurna. Í vetur hafa nemendur þurft frá að hverfa vegna þess að þeir fundu ekki herbergi/íbúð til að leigja, þó hafa sumir leigt sér húsnæði í nágrennabyggðum t.d. í Dýrafirði.

Háskóla­setur hefur því áform um að sækja um, f.h. óstofnaðs félags, til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um fjármögnun nemendagarða. Til þess þarf samstarf við sveitarfélagið bæði varðandi stofnframlag og lóð.

Vestfjarðastofa hefur unnið fýsileikakönnun fyrir Háskólasetrið varðandi fjármögnun og viljum við kynna hana fyrir bæjarráði. Beðið verður um aðkomu Ísafjarðarbæjar varðandi stofnframlög sem og aðkomu að húsnæðis-sjálfséignarstofnun þegar að því kemur.

Umsókn til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar þurfa að fylgja drög af aðaluppdráttum og til þess þarf að vita hvaða lóð verið er að teikna fyrir. Vestfjarðastofa hefur unnið grófa staðarvalsgreiningu og út frá þeirri greiningu er Háskóla­setur með ákveðnar hugmyndir um lóð og þurfa að fá vilyrði bæjarins áður en farið væri í teikningar og önnur útgjöld.

Umsóknartímabil til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar er bara einu sinni á ári, í febrúar/mars, og þarf að vinna hratt til að ná þessum umsóknarfresti.

Þess vegna bið ég ásamt kollegum hjá Vestfjarðastofu um tíma á næsta bæjarráðsfundi n.k. mánudag til að kynna þessi áform.

Peter Weiss
Forstöðumaður Háskólaseturs
weiss@uw.is
450 3045 • 869 3045

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir
Frankvæmdastjóri Vestfjarðastofu
sirry@vestfirdir.is
450 6613 • 861 4913